

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 57/2001**

**frá 18. maí 2001**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2001 frá 30. mars 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til skilgreiningar og sendingar upplýsinga um uppbyggingu launa<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 158, 14.6.2001, bls. 71 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 30, 14.6.2001, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 3.

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 18da (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 452/2000) í XXI. viðauka við samninginn:

„18db. **32000 R 1916:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000 frá 8. september 2000 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 530/1999 varðandi hagskýrslur um uppbyggingu launa og launakostnaðar með tilliti til skilgreiningar og sendingar upplýsinga um uppbyggingu launa (Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 3).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Fyrir Noreg:

- a) Breytan „1.5 Tilvist kjarasamninga sem taka til meirihluta starfsmanna í einingunni sem tekin er til athugunar“ skal vera valfrjáls.
- b) Breytan „3.1.2 Sérstakar greiðslur vegna vaktavinnu“ tekur til greiðslna vegna vaktavinnu og annarra óreglulegra greiðslna.
- c) Breytan „3.5 Fjarvistardagar á ári“ tekur eingöngu til fjölda frídaga en ekki fjarvista vegna veikinda eða fjarvista vegna starfsþjálfunar. “

*2. gr.*

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1916/2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.